



Þjóðleikhúsið - ársskýrsla 2014

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| GREINARGERÐ ÞJÓÐLEIKHÚSSTJÓRA | 2 |
| LISTRÆNT STARF | 2 |
| ÞJÓÐLEIKHÚSBYGGINGIN | 3 |
| BREYTTAR REKSTRARFORSENDUR ÞJÓÐLEIKHÚSSINS | 4 |
| GREINARGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRA | 5 |
| FORSENDUR REKSTRAÁÆTLUNAR 2015: | 5 |
| MARKMIÐ ÁRSINS 2015 | 7 |
| LISTRÆN MARKMIÐ: | 7 |
| REKSTRARLEG MARKMIÐ: | 8 |
| HELSTU ÓGNANIR VIÐ STARFSEMI ÞJÓÐLEIKHÚSSINS: | 8 |
| ÞJÓÐLEIKHÚSRÁÐ | 8 |
| LEIKSÝNINGAR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU Á ÁRINU 2014 | 9 |
| FRUMSÝNINGAR Á EIGIN SÝNINGUM ÞJÓÐLEIKHÚSSINS: | 9 |
| FRUMSÝNINGAR Á SAMSTARFSVERKEFNUM: | 9 |
| SÝNINGAR TEKNAR UPP AÐ NÝJU: | 10 |
| GESTALEIKIR | 11 |
| LEIKFERÐIR: | 11 |
| LEIKHÚSIÐ OG ÁHORFENDUR | 12 |
| UMRÆÐUR EFTIR 6. SÝNINGU | 12 |
| SAMSTARF VIÐ ENDURMENNTUN HÍ | 12 |
| BEIN ÚTSENDING | 12 |
| LEIKHÚSUPPELDI OG FRÆÐSLA | 12 |
| SÖGUSTUND Í ÞJÓÐLEIKHÚSKJALLARA | 12 |
| KÚLAN – VETTVANGUR NÝSKÖPUNAR | 12 |
| BRÚÐULOFTIÐ | 12 |
| ÁRVISS AÐVENTUSÝNING | 12 |
| NÁNARI FLOKKUN SÝNINGA Á ÁRINU 2014 | 13 |
| <i>Íslensk leikverk frumsýnd í Þjóðleikhúsinu árið 2014:</i> | <i>13</i> |
| <i>Íslensk dansverk, samstarfsverkefni frumsýnd í Þjóðleikhúsinu árið 2014:</i> | <i>13</i> |
| <i>Verk fyrir börn og unglíngi í boði á árinu, ný og eldri:</i> | <i>13</i> |
| MARKAÐS- OG KYNNINGARSTARF | 14 |
| ÁSKRIFTARLEIÐIR OG SALA | 14 |
| GRÍMAN - ÍSLENSKU LEIKLISTARVERÐLAUNIN 2014 | 15 |
| <i>Grimuverðlaunin</i> | <i>15</i> |
| <i>Tilnefningar til Grímunnar</i> | <i>15</i> |
| STAÐA TÆKJABÚNAÐAR ÞJÓÐLEIKHÚSSINS | 17 |
| STARFSMANNAMÁL | 21 |
| NÝTT SKIPURIT OG BREYTINGAR Á YFIRSTJÓRN Í UPPHAFI ÁRS 2015 | 22 |
| <i>Viðauki 1 - rekstrarreikningur Þjóðleikhússins 2014</i> | <i>23</i> |
| <i>Viðauki 2 - bryn viðhaldsverkefni í Þjóðleikhúsinu.</i> | <i>24</i> |
| <i>Viðauki 3 – fjöldi starfsmanna eftir starfssviðum.</i> | <i>27</i> |
| <i>Viðauki 4 - upplýsingar til nýrra starfsmanna í Þjóðleikhúsinu</i> | <i>28</i> |

Greinargerð Þjóðleikhússtjóra

Listrænt starf.

Mikill metnaður einkenndi starf Þjóðleikhússins á árinu 2014, eins og endranær, en meðan rekstrarárið er miðað við almanaksárið, eru listræn starfsemi Þjóðleikhússins og skipulag miðuð við hvert leikár fyrir sig, sem stendur frá lokum ágústmánaðar og fram að lokum júnímánaðar árið eftir. Leikhússtjóraskipti urðu á miðju leikári og þótt fráfarandi leikhússtjóri skipulegði að venju allt leikárið, tók nýr leikhússtjóri við keflinu á miðju leikári með fullt stjórnunarumboð. Þar sem undirrituð hafði í lok árs 2014 gegnt embætti leikhússtjóra í áratug, fer ekki hjá því að greinargerðin taki að þessu sinni að nokkru mið af þeirri þróun sem átt hefur sér stað í leikhúsinu og starfsumhverfi þess á umliðnum áratug, um leið og gerð er grein fyrir almanaksárinu 2014.

Markmiðssetning leikársins 2013 til 2014 miðaði að því að standa almennt að öfluglu listrænu starfi, með fjölbreyttu úrvali verka, helmingshlutdeild innlendra verka á verkefnaskránni og markvissu leikhúsuppeldi með góðu framboði á barnasýningum.

Markmiðssetning fyrir leikárið 2014 til 2015 var meira afgerandi með tilliti til innlendar leikritunar og lagt upp með verkefnaskrá sem væri að öllu leyti innlend, auk þess sem konur sem listrænir stjórnendur og örlagasögur kvenna voru settar í öndvegi.

Sú skylda að kosta kapps um að örva og efla innlenda leikritun hefur verið áskilin í lögum um starfsemi Þjóðleikhússins frá upphafi og þótt ýmislegt hafi verið gert í gegnum tíðina og margt heppnast vel, hefur kastljósið aldrei áður verið sett á innlenda leikritun með jafn afgerandi hætti. Til grundvallar lá sú staðfasta trú að leikhúsið gæti innan þess ramma boðið upp á afar fjölbreytta og vandaða verkefnaskrá, sem hefði burði til að vekja áhuga meðal leikhúsnunda á öllum aldri.

Á umliðnum áratug hefur verið unnið eftir föngum að því að leikhúsið gæti betur fylgt eftir þessari lagaskyldu, meðal annars með stofnun leikritunarsjóðsins Prologos, samvinnu um höfundanámskeið við Félag leikskálda og handritshöfunda, stofnun sérstaks listráðs þar sem boðið var upp á viðuræður við höfunda og dramatúrgíska ráðgjöf, en síðast en ekki síst með skýrri markmiðssetningu í samningi við ráðuneytið um árangursstjórnun fyrir tímabilið, þar sem lagt var upp með allt að helmingshlutdeild innlendra verka á verkefnaskrá leikhússins á hverju ári.

Á umliðnum tíu árum hafa nokkur verk eldri höfunda verið færð upp í nýjum sviðsetningum. Þar má nefna höfunda á borð við Jóhann Sigurjónsson, Jökul Jakobsson, Guðmund Steinsson og Guðrúnu Helgadóttur. Mörg ný verk samtímaleikskálda hafa einnig verið sviðsett á tímabilinu en þar má nefna sérstaklega Eldhús eftir máli eftir Völu Þórsdóttur, Utan gátta eftir Sigurð Pálsson, Hænuungana eftir Braga Ólafsson, Svartan hund prestsins eftir Auði Övu Ólafsdóttur og Harmsögu eftir Mikael Torfason. Önnur leikskáld sem áttu ný verk á fjöllum leikhússins voru meðal annarra þau Þorvaldur Þorsteinsson, Hrund Ólafsdóttir, Birgir Sigurðsson, Áslaug Jónsdóttir, Ólafur Haukur Símonarson, Brynhildur Guðjónsdóttir, Hallgrímur Helgason, Gerður Kristný, Kristín Eiríksdóttir, Hávar Sigurjónsson, Kristín Helga Gunnarsdóttir og Jón Atli Jónasson. Þess ber að geta sérstaklega að á tímabilinu voru samtals sextán ný íslensk leikrit eftir konur frumsýnd.

Skapandi nálgun leikskálda og leikstjóra að innlendum skáldsögum hefur líka verið frjó uppspretta áhugaverðra sýninga. Þar hafa verk Halldórs Laxness verið í öndvegi, en

skáldskapur hans á stöðugt og endurnýjað erindi við Þjóðina og hin lifandi list leikhússins getur sífellt boðið upp á nýja söguskoðun og túlkun og þar með samtal við áhorfendur dagsins í dag. Þar nefni ég sérstaklega Íslandsklukkuna í sviðsetningu Benedikts Erlingssonar, Gerplu í sviðsetningu Baltasars Kormáks, Heimsljós í sviðsetningu Kjartans Ragnarssonar og Sjálfstætt fólk í sviðsetningu Þorleifs Arnar Arnarssonar. Samtímabókmenntir hafa einnig legið til grundvallar mögum áhugaverðum sýningum og þar má nefna höfunda eins og Jón Kalman Stefánsson, Kristínu Marju Baldursdóttur, Hallgrím Helgason, Einar Má Guðmundsson og Einar Kárason. Þar vil ég sérstaklega nefna sviðsetningu Þorleifs Arnar Arnarssonar á Englum alheimsins, Ágústu Skúladóttur á Eldhúsi eftir máli, Hörpu Arnardóttur á Karitas og Unu Þorleifsdóttur á Konunni við 1000°.

Ný og eldri erlend verk voru um helmingur frumsýndra verka á tímabilinu. Þar sætti Pétur Gautur í leikstjórn Baltasars Kormáks einna mestum tíðindum, en henni var boðið á fjölda hátíða, auk þess sem hún var sýnd á tveggja vikna sýningatímabil í Barbican leikhúsinu í London. Einnig verður að telja sviðsetningar Benedicts Andrews á Lé konungi og Macbeth, meðal áhrifameiri sýninga áratugarins.

Konur hafa stöðugt verið að sækja í sig veðrið sem listrænir stjórnendur, ekki síst sem leikstjórar. Þar létu reynslumiklar konur á borð við Þórhildi Þorleifsdóttur og Kristínu Jóhannesdóttur til sín taka, en hvor um sig setti upp fjórar sýningar, en samtals voru 37 verk sviðsett af konum á áratugnum. Af nýjum leikstjórum við Þjóðleikhúsið var Ágústa Skúladóttir afkastamest, með samtals sjö sviðsetningar, Selma Björnsdóttir með fjórar og þær Kristín Eysteinsdóttir, Harpa Arnardóttir, Una Þorleifsdóttir, Edda Heiðrún Backman og Charlotte Böving með tvær sviðsetningar hver. Nokkrar aðrar settu upp eina sýningu.

Barnastarf var öflugt sem aldrei fyrr. Auk þeirrar hefðar sem fylgt hefur Þjóðleikhúsinu frá upphafi að efna reglulega í veglega barnasýningu á Stóra sviðinu var opnað sérstakt barnasvið, Kúlan, helgað smábarnasýningum og nýrri leikhúsreynslu, en mörg ný verk hafa verið samin sérstaklega fyrir Kúluna. Einnig er rétt að minnast á adventusýningu Þjóðleikhússins, Leitina að jólunum, sem sýnd var á adventunni öll tíu árin og Sögustund, sem verið hefur árviss viðburður á haustin, en leikskólabörnum hefur verið boðið að koma endurgjaldlaust í leikhúsið með kennurum sínum til að kynnast töfrum leikhússins. Árið 2013 bættist Brúduloftið við á Leikhúsloftinu, en þar eru sýndar brúðusýningar í samvinnu við Bernd Ogradnik og Brúðuheima. Þjóðleikur, leiklistarverkefni í þágu ungmenna á landsbyggðinni hefur verið í stöðugri sókn frá því að verkefninu var fyrst hleypt af stokkunum árið 2009 í samvinnu við Menningarmiðstöð Fljótaldalshéraðs og nær nú til flestra sveitarfélaga á landsbyggðinni.

Heildaraðsókn að leikhúsinu var með besta móti, en rétt tæplega hundrað þúsund gestir, eða 99.832, sóttu sýningar leikhússins á árinu 2014.

Þjóðleikhúsbyggingin.

Úttekt á ytra ástandi hússins sem gerð var í upphafi tímabilsins sýndi að Þjóðleikhúsið væri það illa farið af langvarandi veðrun að byggingin væri við það að verða eyðileggingaröflunum að bráð. Viðhald hafði til þessa verið á forræði stjórnenda leikhússins. Þegar fjármagn fékkst til viðgerða á ytra byrði hússins, tók Gunnar Torfason ráðgjafaverkfræðingur að sér milligöngu fyrir hönd leikhússins, en framkvæmdin var á forræði Framkvæmdasýslu ríkisins. Það mátti ekki tæpara standa að bregðast við en viðgerðirnar tóku í allt um tvö ár með viðvarandi hávaða og ryki. Öll múrhúð var brotin utan af byggingunni, gert við skemmdir og húsið endurmúrað og -steinað. Mest munaði starfsemina þó um viðgerðir á þaki, en leki og

rakaskemmdir höfðu fyrir löngu sett mark sitt á alla aðstöðu innandyra. Viðhaldi byggingarinnar var að öðru leyti var komið í faglegan farveg á forræði Fasteigna ríkissjóðs. Á umliðnum áratug hafa Fasteignirnar séð um ýmsar endurbætur í húsinu og af þeim má nefna að eldhús og mötuneytisaðstaða leikhússins var endurnýjuð frá grunni. Málarasal á fimmtu hæð, sem nýttur hafði verið sem mötuneyti tímabundið, var breytt í rúmgóðan æfingasal. Sýningum var hætt á Smíðaverkstæðinu og húsnæðinu aftur breytt í verkstæði fyrir sviðin. Svið í Leikhúskjallara var stækkað og settir pallar fyrir sæti á gólfíð. Ný miðasala var innréttuð og gólf í anddyri endurnýjað. Reist var skemma með viðbótargeymslurými fyrir sviðið á palli til austurs við aðalbygginguna. Þjóðleikhúsið fékk afnot af húsnæði gamla hæstaréttar við Lindargötu 3 og hefur nýtt aðstöðuna síðan til æfinga, auk þess sem bóka- og handritasafni leikhússins var komið þar fyrir. Kassinn, nýtt svið í Íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar við Lindargötu 7 var opnað og Litla sviðinu í kjallara sama húss var breytt í barnaleikhús, sem fékk nafnið Kúlan.

Breyttar rekstrarforsendur Þjóðleikhússins.

Fjárveiting til starfsemi leikhússins hefur allt frá opnun þess verið ákvörðuð frá ári til árs í fjárlögum. Í kjölfar efnahagshrunsins var fjárveiting til leikhússins skorin verulega niður, samfellt í þrjú ár í röð. Brugðist var við kröfu stjórnvalda um hagræðingu í rekstri með samstilltu átaki starfsfólks, skapandi hugsun og hugviti og þeim rekstrarlegu aðgerðum sem gripið var til. Þegar svo gleðilega vildi til að menningaráhugi og þar með aðsókn að leikhúsinu jókst á sama tíma, tókst lengst af að halda í horfinu og starfa innan skertra fjárheimilda án þess að það kæmi sýnilega niður á metnaði eða fjölbreytni starfseminnar. Rekstur leikhússins hefur þó verið í járnnum og mikið álag einkennt allt starfið, en fjármagn til leikhússins hefur frá hrúni verið skorið niður um þriðjung að raunvirði. Væntingar stóðu til þess að ástand gífurlegs aðhalds væri aðeins tímabundið og leikhúsinu yrði aftur markaður raunhæfur rekstrargrundvöllur, strax og aðstæður í samfélaginu leyfðu. Það hefur þó ekki orðið raunin, ekki enn sem komið er að minnsta kosti. Meðan svo er ekki, er starfsemin í raun háð því að hver einasta sýning sem frumsýnd er laði til sín áhorfendur í ríkum mæli og það þótt leikhúsið hafi tæplega burði til að auglýsa þessar sömu sýningar. Það er óraunhæf krafa, ekki síst þegar listrænt starf og frumsköpun er annarsvegjar, þar sem áhættan er innbyggð. Minnsta misvægi getur haft alvarlegar afleiðingar, sýning sem fær ekki þá aðsókn sem vænst hafði verið setur allar áætlanir úr skorðum, ef þær verða fleiri en ein á sama leikári stefnir í verulegan vanda sem getur kallað á uppstökkun og víðtæka endurskoðun. Sýningar leikhússins eru að öllu jöfnu í undirbúningi í fleiri mánuði og sumar jafnvel í nokkur ár og því fylgir mikið rask og fórnarkostnaður að breyta áætlunum, ekki síst ef það er gert með stuttum fyrirvara. Við slíkar aðstæður verður ekki starfað af þeim metnaði sem áskilinn er í lögum um Þjóðleikhús. Á rekstrarárinu 2014 minnkaði sjálfsaflafé leikhússins umtalsvert vegna minni aðsóknar en vænst hafði verið. Það skilaði sér í rekstrarhalla eins og rakið er í greinargerð framkvæmdastjóra og uppstökkun á áætlunum leikhússins.

Tinna Gunnlaugsdóttir, þjóðleikhússtjóri til ársloka 2014.

Nýr þjóðleikhússtjóri

Staða þjóðleikhússtjóra var auglýst 2. júní 2014. Tinna Gunnlaugsdóttir, sem setið hafði í embætti frá 1. janúar 2005, eða í tvö skipunartímabil, sóttist ekki eftir endurráðningu. Alls sóttu tíu aðilar um stöðuna og þann 14. nóvember var Ari Matthíasson skipaður í embættið til fimm ára frá 1. janúar 2015. Ari hefur starfað sem framkvæmdastjóri leikhússins frá árinu 2010, en hann hefur að baki leikaramenntun frá Leiklistarskóla Íslands og háskólamenntun á meistarástigi í rekstrarhagfræði og hagfræði.

Greinargerð framkvæmdastjóra

Um mitt ár 2014 var ljóst að um 50 millj.kr. rekstrarhalli yrði á árinu, þrátt fyrir að gripið yrði til eftirfarandi aðgerða til að draga úr starfsemi:

- Aukið kostnaðaraðhald og eftirlit með allri framleiðslu leiksýninga sem tók til tímaramma, vinnustunda, nýráðninga og kostnaðar vegna aðkeyptrar vinnu.
- Ekki stofnað til nýrra skuldbindinga er varða framleiðslu leiksýninga á fyrri hluta ársins 2015.
- Miðaverð hækkað um 200 kr. að jafnaði.

Þá þegar var óskað fundar með Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í samræmi við 14. gr. og 15.gr. í 4. kafla og 17.gr. í 5. kafla reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og var gerð grein fyrir ástæðum rekstrarvandans og til hvaða aðgerða væri unnt að grípa.

Helstu skýringar á rekstrarhalla ársins 2014:

- Réttmætum væntingum leikhússins vegna ófyrirséðrar greiðsluskyldu í tengslum við kjarasamninga hafi ekki verið mætt, nema að óverulegu leyti.
- Lægri sértekjur en vænst hafði verið á f.hl. ársins.
- Ófyrirséð tækjakaup (lýsing og myndvörpun).
- Breytingar á verkefnaskrá með tilfærslu verkefna í tíma.
- Lakari nýting á leikhópi.

Á fundi í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu 6. nóvember 2014 um horfur og afkomu ársins 2014 og komandi fjárlagaársins 2015 var af hálfu fulltrúa ráðuneytisins óskað frekari upplýsinga um tvennt: Annars vegar um hvort gripið hefði verið til áður kynnta ráðstafana vegna hallarekstrar og hins vegar um hvaða tæki hefðu verið keypt í Þjóðleikhúsinu á árinu 2014. Þessu var svarað bréflega af framkvæmdastjóra og var svarið í stuttu máli að þegar hefði verið gripið til allra boðaðra ráðstafana og að tækjakaup leikhússins það sem af er 2014 væru 21 millj.kr.

Með bréfi dagsettu 22. desember 2014 var þjóðleikhússtjóra kynnt að ráðuneytið féllist á innsenda rekstraráætlun með þeim fyrirvara að Þjóðleikhúsið myndi skila greinargerð með tímaáætlun um aðgerðir vegna uppsafnaðs rekstrarhalla.

Í árslok var rekstrarhalli um 53 millj.kr. Þetta er því sá uppsafnaði halli sem Þjóðleikhúsinu er ætlað að niðurgreiða.

Forsendur rekstraáætlunar 2015:

Vegna 53 millj.kr. neikvæðrar afkomu 2014 muni fjárheimildir 2015 lækka samsvarandi og vera 756 millj.kr.

Þessar sýningar munu verða í sýningu á fyrri hluta ársins 2015: Sjálfstætt fólk, Konan við 1000°, Karítas, Fjalla-Eyvindur og Halla, Svartar fjaðrir, Kuggur og Segulsvið.

Gert er ráð fyrir að æfingar hefjist á einni sýningu fyrir Kassann, Móðurharðindunum, og tveimur sýningum fyrir stóra sviðið að vori og er annarri þeirra, Hjarta Hróa hattar, ætlað að frumsýnast f.hl. september, en hinni, Heimkomunni, í október.

- Gert er ráð fyrir sýningu af hóflegri stærð sem frumsýnd verður á stóra sviðinu 26.12.
- Gert ráð fyrir lágmarks kostnaði á árinu 2015 vegna sýninga sem frumsýnast f.hl. árs 2016.
- Gert er ráð fyrir að tækjakaup ársins 2015 verði 17 millj.kr.
- Gert er ráð fyrir að stærð þeirra sýninga sem framleiddar verða á seinni hluta ársins sé hófleg.
- Gert er ráð fyrir að Sögustund verði í umsjá Bernds Ogrodniks með sama sniði og haustið 2014.

Að árið 2015 muni Þjóðleikhúsið skila rúmlega 30 millj.kr. rekstrarhagnaði upp á móti 53 millj.kr. tapi ársins 2014 og rekstrarafkoman því vera neikvæð um u.þ.b. 20 millj.kr. í lok árs Ekki er raunhæft að ná til baka halla ársins 2014 á einu ári án þess að skerða verulega starfsemi Þjóðleikhússins og innra skipulag.

Þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til vegna rekstrar 2015 eru:

- Fækkun verkefna um eitt á stóra sviðinu og eitt í Kassarum á fyrri hluta ársins 2015.
- Minna umfang þeirra sýninga sem eru í framleiðslu.
- Breytingar og aðhald í yfirstjórn.
- Strangara kostnaðaraðhald allra verkþátta.

Þessar aðgerðir munu skila lækkun launakostnaðar milli ára um 3% að teknu tilliti til væntra launahækkana um 3,5% á árinu og lækkun almenns rekstrarkostnaðar um 15,7%. Gangi það eftir að 2/3 af uppsöfnuðum rekstrarhalla í árslok 2014 verði uppgreiddur í árslok 2015 er raunhæft að með áframhaldandi aðhaldsaðgerðum í rekstri megi hæglega standa uppi í árslok 2016 með jákvæða rekstrarafkomu.

Markmið ársins 2015

Listræn markmið:

- Samsetning verkefna endurspeglir þarfir listamanna um leið og tryggt er að sjálfsaflafé sé nóg til að standa undir þeim hluta starfseminnar sem ekki er greiddur með framlagi ríkisins.
- Sýnd séu jöfnum höndum ný og klassísk erlend afburðaverk, helst til helminga við íslensk verk.
- Á hverjum tíma séu 1-2 leikskáld á launum hjá Þjóðleikhúsinu við að þróa eigin verk og vinna að leikgerðum.
- Hugað sé sérstaklega að leikhúsuppeldi barna og unglunga með því að setja árlega upp metnaðarfullar leiksýningar fyrir þennan hóp.
- Tryggt sé erlent samstarf við höfuðstofnanir leiklistar í Norður-Evrópu og að ræktuð sé samvinna við atvinnuveitendur í sviðslistum í Evrópu, PEARLE með það að markmiði að hingað komi reglulega listrænir stjórnendur í fremstu röð til starfa.
- Tryggt sé að í hverjum aldursflokki séu afburða leikarar fastráðnir við húsið. Þetta sé gert með endurmati á samsetningu leikhópsins og með því að tryggja lykillistamönnum verðug viðfangsefni.
- Unnið sé að því að þroska og efla íslenska leikstjóra með því að ráða til lengri tíma við leikhúsið en nú er gert. Með þessu væri þeim leikstjórum sem við húsið starfa tryggður tryggari atvinnugrundvöllur og aukinn stöðugleiki myndi skapast í listrænu tilliti. Mögulega mun slíkur háttur einnig auka framleiðni.
- Ráða leikmynda- og búningahöfunda til lengri tíma en áður. Með því mun skapast aukinn stöðugleiki við framleiðslu leiksýninga.
- Auka aðkomu listamanna að ákvarðanatöku í leikhúsinu og gera þá þannig meðeigendur að listrænni stefnu leikhússins.
- Tengja Þjóðleikhúsið við menningarstarf í þágu ungs fólks á landsbyggðinni með því að efna til og fylgja eftir þriðja Þjóðleiksverkefninu í samstarfi við menningarmiðstöðvar og sveitarfélög, nú í samtals 5 landshlutum.

Þessari starfsemi er Þjóðleikhúsinu ætlað að sinna samkvæmt þeim fjárheimildum sem veittar eru með fjárlögum hvers árs. Á tímum efnahagslegrar óvissu og samdráttar er mikilvægt að gæta aðhalds í rekstri svo ekki skapist halli sem aftur mun draga úr starfsþreki næsta árs. Í reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta er beinlínis kveðið á um að forstöðumaður sé persónulega ábyrgur fyrir því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárheimildir og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt, sbr. 49.gr. laga nr. 8/1997. Góð rekstraráætlun er forsenda árangursríks rekstrar og skiptir höfuðmáli þar sem samanburður áætlunar og raunkostnaðar er helsta tækið. Að ofansögðu er ljóst að Þjóðleikhússtjóri sem forstöðumaður Þjóðleikhússins hefur ríkar rekstrarlegar skyldur og ber persónulega ábyrgð á að halda rekstrinum innan heimilda.

Rekstrarleg markmið:

- Leitast við að viðhalda góðri aðsókn að leikhúsinu
- Vanda áætlanagerð og eftirlit með framfylgd
- Auka kostnaðaraðhald á öllum stigum rekstrar
- Vanda verkþókhald og áætlanir um kostnað einstakra leikverka og efla daglegt eftirlit yfirstjórnar með því að slíkar áætlanir gangi eftir
- Tryggja að færsla bókhalds gefi glögga mynd af rekstrinum og stöðu á hverjum tíma
- Reka leikhúsið í samræmi við áætlanir
- Eiga í virkum samskiptum við Kjara- og mannauðssýslu ríkisins um starfsmannamál og skilvirka samningagerð
- Eiga í virkum samskiptum við Ríkiseignir og fylgja eftir þeim þörfum sem snúa að viðhaldi, endurnýjun og bættri aðstöðu
- Gæta hagsmuna Þjóðleikhússins gagnvart opinberum aðilum, félagasamtökum og einstaklingum og leitast við að tryggja rétt leikhússins í öllum álitamálum

Helstu ógnanir við starfsemi Þjóðleikhússins:

- Þriðjungs niðurskurður gagnvart Þjóðleikhúsinu á föstu verðlagi á undanförunum árum hefur sett mikinn þrýsting á starfsmenn leikhússins sem hafa þurft að taka á sig aukið vinnuálag meðan tugum starfsmanna hefur verið sagt upp. Á sama tíma hafa aðrar menningarstofnanir í krafti aukinna fjárveitinga og rýmri kjarasamninga geta laðað til sín starfsfólk með yfirborgunum og samningsgreiðslum.
- Ónóg endurnýjun tækjabúnaðar og aðstöðu þýðir að Þjóðleikhúsið er ekki samkeppnisfært í uppsetningu tæknilega flókinna sviðsetninga og stærri söngleikja.
- Ef of mikil áhætta er tekin við samsetningu verkefnavals hvers árs, t.d. með það að markmiði að ögra og ala upp áhorfendur, mun skapast mikil hætta á verulegu rekstrartapi. Þetta er vegna þess að rekstur Þjóðleikhússins byggist í sífellt auknum mæli á sjálfsaflafé.
- Samfara hinum mikla niðurskurði er lítið sem ekkert svigrúm til að bregðast við eðlilegum sveiflum í rekstri s.s. vegna lægri sértekna. Geta leikhússins til þess að ná til baka halla er að sama skapi lítil því erfitt er að draga úr rekstri sem þegar er kominn að þolmörkum.

Þjóðleikhúsráð

- Ingimundur Sigfússon, formaður, skipaður án tilnefningar, sagði af sér formennsku og lét af setu í Þjóðleikhúsráði í nóvember 2014.
- Magnús Ragnarsson, skipaður án tilnefningar, tók við formennsku í ráðinu 22. nóvember, 2014 og sat út árið. Hann sagði af sér formennsku 7. janúar 2015 og lét af setu í Þjóðleikhúsráði.
- Eyþór Arnalds, skipaður án tilnefningar, tók við formennsku í ráðinu í febrúar 2015.
- Herdís Þórðardóttir, varaformaður, skipuð án tilnefningar.
- Ragnar Kjartansson, skipaður án tilnefningar.
- Birna Hafstein, tilnefnd af FÍL, Félagi íslenskra leikara.
- Jón Agnar Egilsson, tilnefndur af FLÍ, Félagi leikstjóra á Íslandi.
- Hallur Helgason, áheyrnarfulltrúi starfsmanna.

Leiksýningar í Þjóðleikhúsinu á árinu 2014

Tilgreindur er áhorfendafjöldi og sýningafjöldi hvernar sýningar á almanaksárinu 2014.

Frumskýningar á eigin sýningum Þjóðleikhússins:

1. **Spamalot** söngleikur eftir Eric Idle. Leikstjórn: Hilmir Snær Guðnason. Frumsýning á Stóra sviðinu 21. febrúar. Sýningar 39 og áhorfendur 13.552.
2. **Svanir skilja ekki** eftir Auði Övu Ólafsdóttur. Leikstjórn: Charlotte Böving. Frumsýning í Kassanum 28. febrúar. Sýningar 30 og áhorfendur 3.444.
3. **Litli prinsinn** eftir Aintoine de Saint-Exupéry. Leikstjórn og leikgerð: Stefán Hallur Stefánsson. Frumsýning í Kúlunni 5. apríl. Sýningar 38 og áhorfendur 2.603.
4. **Eldraunin** eftir Arthur Miller. Leikstjórn: Stefan Metz. Frumsýning á Stóra sviðinu 25. apríl. Sýningar 17 og áhorfendur 4.997.
5. **Ævintýri í Latabæ** söngleikur eftir Magnús Scheving, Ólaf S.K. Þorvaldz og Mána Svavarsson. Leikstjórn: Magnús Scheving og Rúnar Freyr Gíslason. Frumsýning á Stóra sviðinu 13. september. Sýningar 29 og áhorfendur 11.525.
6. **Sögustund fyrir leikskólabörn: Brúðukistan - Bernd og brúðurnar hans** eftir Bernd Ogrodnik. Umsjón: Þórhallur Sigurðsson. Frumsýning í Leikhúskjallaranum 16. september. Sýningar 22 og áhorfendur 3.495.
7. **Konan við 1000°** eftir Hallgrím Helgason. Leikgerð: Hallgrímur Helgason í samvinnu við Unu Þorleifsdóttur og Símon Birgisson. Leikstjórn: Una Þorleifsdóttir. Frumsýning í Kassanum 26. september. Sýningar 38 og áhorfendur 4.855.
8. **Karitas** eftir Kristínu Marju Baldursdóttur. Leikgerð: Ólafur Egill Egilsson í samvinnu við Símon Birgisson. Leikstjórn: Harpa Arnardóttir. Frumsýning á Stóra sviðinu 17. október. Sýningar 28 og áhorfendur 10.160.
9. **Sjálfstætt fólk - Hetjusaga** eftir Halldór Laxness. Leikgerð: Símon Birgisson, Ólafur Egill Egilsson og Atli Rafn Sigurðarson. Leikstjórn: Þorleifur Örn Arnarsson. Frumsýning á Stóra sviðinu 26. desember. Sýningar 3 og áhorfendur 1.441.

Frumskýningar á samstarfsverkefnum:

10. **Óraunveruleikir** danssýning eftir Urði Hákonardóttur, Valgerði Rúnarsdóttur og Þyrí Huld Árnadóttur. Frumsýning í Kassanum 16. janúar. Sýningar 6 og áhorfendur 604.
11. **Skrattinn úr sauðarleggnum** danssýning eftir Melkorku Sigríði Magnúsdóttur, Sigríði Soffíu Nielsdóttur og Valdimar Jóhannsson. Frumsýning í Kassanum 23. apríl. Sýningar 4 og áhorfendur 212.
12. **Predator** danssýning eftir Sögu Sigurðardóttur. Frumsýning á Reykjavík Dance Festival í Kassanum 27. ágúst. Sýningar 2 og áhorfendur 259.
13. **This is it** danssýning eftir Steinunni Ketilsdóttur og **Saving history** danssýning eftir Katrínu Gunnarsdóttur. Frumsýning á Reykjavík Dance Festival í Kassanum 29. ágúst. Sýningar 1 og áhorfendur 117.
14. **Wilhelm Scream** danssýning eftir Ingu Huld Hákonardóttur and Rósu Ómarsdóttur. Frumsýning á Reykjavík Dance Festival í Kassanum 30. ágúst. Sýningar 1 og áhorfendur 57.
15. **A Lecture on Borderline Musicals** danssýning eftir Ernu Ómarsdóttur og Valdimar Jóhannsson. Frumsýning á Reykjavík Dance Festival í Kassanum 30. ágúst. Sýningar 2 og áhorfendur 177.
16. **Leitin að Jörundi - Sápuópera um hundadagakonung** eftir Eddu Þórarinsdóttur. Í samstarfi við Fjögur á palli. Frumsýning í Leikhúskjallaranum 26. október. Sýningar 6

- og áhorfendur 445.
17. **Fiskabúrið** eftir leikhópurinn. Í samstarfi við Skýjasmiðjuna. Frumsýning í Kúlunni 15. nóvember. Sýningar 12 og áhorfendur 491.
 18. **Ofsi** eftir Einar Káráson. Leikgerð: Marta Nordal, leikhópurinn og Jón Atli Jónasson. Leikstjórn: Marta Nordal. Í samstarfi við Aldrei óstelandi. Frumsýning í Kassanum 23. nóvember. Sýningar 9 og áhorfendur 1.025.
 19. **Vivid** danssýning eftir Unni Elísabetu Gunnarsdóttur. Í samstarfi við höfund. Frumsýning í Kassanum 28. desember. Sýningar 1 og áhorfendur 111.

Sýningar teknar upp að nýju:

(Sýningar leikhússins og samstarfsverkefni)

20. **Englar alheimsins** eftir Einar Má Guðmundsson. Leikgerð: Símon Birgisson og Þorleifur Örn Arnarsson. Leikstjórn: Þorleifur Örn Arnarsson. Sýningar hófust að nýju á Stóra sviðinu 2. janúar. Sýningar 22 og áhorfendur 7.624.
21. **Þingkonurnar** eftir Aristófanés. Leikstjórn: Benedikt Erlingsson. Sýningar hófust að nýju á Stóra sviðinu 3. janúar. Sýningar 10 og áhorfendur 2.689.
22. **Karíus og Baktus** eftir Thorbjörn Egner. Leikstjórn: Selma Björnsdóttir. Sýningar hófust að nýju í Kúlunni 4. janúar. Sýningar 14 og áhorfendur 1.141.
23. **Lúkas** eftir Guðmund Steinsson. Leikstjórn: Marta Nordal. Í samstarfi við Aldrei óstelandi. Sýningar hófust að nýju í Kassanum 4. janúar. Sýningar 2 og áhorfendur 237.
24. **Óvitar** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikstjórn: Gunnar Helgason. Sýningar hófust að nýju á Stóra sviðinu 5. janúar. Sýningar 11 og áhorfendur 3.782.
25. **Sveinsstykki** eftir Þorvald Þorsteinsson. Leikstjórn: Þórhildur Þorleifsdóttir. Í samstarfi við Hið lifandi leikhús. Sýningar hófust að nýju á Stóra sviðinu 10. janúar. Sýningar 1 og áhorfendur 267.
26. **Pollock?** eftir Stephen Sachs. Leikstjórn: Hilmir Snær Guðnason. Sýningar hófust að nýju í Kassanum 10. janúar. Sýningar 7 og áhorfendur 732.
27. **Inn að beini** danssýning eftir Ernu Ómarsdóttur og Valdimar Jóhannsson. Í samstarfi við Shalala. Sýningar hófust að nýju í Kassanum 24. janúar. Sýningar 1 og áhorfendur 123.
28. **Aladdín** brúðusýning eftir Bernd Ogrodnik. Í samstarfi við Brúðuheima. Sýningar hófust að nýju á Brúðuloftinu 22. mars. Sýningar 8 og áhorfendur 437.
29. **Hvað ef? - skemmtifræðsla** eftir Guðmund Inga Þorvaldsson, Gunnar Sigurðsson og fleiri. Í samstarfi við 540 Gólf. Sýningar hófust að nýju á Stóra sviðinu 29. apríl. Sýningar 2 og áhorfendur 750.
30. **Hamskiptin** eftir Franz Kafka. Leikgerð og leikstjórn: Gísli Örn Garðarsson, David Farr, Ingvar E. Sigurðsson og Nína Dögg Filippusdóttir. Í samstarfi við Vesturport. Sýningar hófust að nýju á Stóra sviðinu 18. september. Sýningar 8 og áhorfendur 3.267.
31. **Umbreyting** brúðusýning eftir Bernd Ogrodnik. Leikstjórn: Ágústa Skúladóttir. Í samstarfi við Brúðuheima. Sýningar hófust að nýju á Brúðuloftinu 12. október. Sýningar 3 og áhorfendur 244.
32. **Pétur og úlfurinn** brúðusýning eftir Bernd Ogrodnik. Í samstarfi við Brúðuheima. Sýningar hófust að nýju á Brúðuloftinu 9. mars. Sýningar 3 og áhorfendur 224.
33. **Leitin að jólnum** eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson. Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson. Sýningar hófust að nýju á Leikhúsloftinu 29. nóvember. Sýningar 24 og áhorfendur 2.119.
34. **Hættuför í Huliðsdal** eftir Sölku Guðmundsdóttur. Leikstjórn: Harpa Arnardóttir. Í

samstarfi við Soðið svið. Sýningar hófust að nýju í Kúlnni 20. desember. Sýningar 7 og áhorfendur 317.

Gestaleikir:

35. **Mið-Ísland.** Uppistand í Leikhúskjallaranum frá 10. janúar. Sýningar 71 og áhorfendur 12.764.
36. **Lorca og skóarakonan og Bergmál.** Gestaleikur frá Leikfélaginu á Sólheimum og Afanias frá Madrid. Sýning á Stóra sviðinu 6. maí. Áhorfendur 367.
37. **Hestaat** eftir Hjörleif Hjartarson. Sýning í Leikhúskjallaranum 30. maí. Áhorfendur 34.
38. **Biðin** eftir Samuel Beckett. Umsjón: Jón Atli Jónasson. Sýning á Listahátíð í Reykjavík á Stóra sviðinu 3. júní. Áhorfendur: 203.
39. **Saga** brúðusýning, gestaleikur frá Wakka Wakka Productions í New York á Listahátíð í Reykjavík í Kassanum 5. og 6. júní. Sýningar 2 og áhorfendur 193.
40. Athyglisverðasta áhugasýning ársins: **Stund milli stríða** eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Leikfélagið Hugleikur. Sýning á Stóra sviðinu 7. júní. Áhorfendur: 230.
41. **Prinsessan og kynngin** eftir Kristín E. Ólafsson. Gestaleikur frá Spáni á Stóra sviðinu 10. og 12. júní. Sýningar 2 og áhorfendur: 342.
42. **Stevie Ray Vaughan.** Heiðurstónleikar í Leikhúskjallaranum 3. október. Áhorfendur: 149.
43. **Samaris.** Útgáfutónleikar í Leikhúskjallaranum 10. október. Áhorfendur: 21.
44. **Daniel Sloss.** Uppistand í Leikhúskjallaranum 8. nóvember. Áhorfendur: 101.



Leikferðir:

45. **Englar alheimsins** eftir Einar M. Guðmundsson. Leikgerð: Símon Birgisson og Þorleifur Örn Arnarsson. Leikstjórn: Þorleifur Örn Arnarsson. Leikferð til Akureyrar, 2 sýningar í Hofi 10. og 11. janúar. Áhorfendur: 905.
46. **Harmsaga** eftir Mikael Torfason. Leikstjórn: Una Þorleifsdóttir. Sýningar á World Stages Festival í The Kennedy Centre í Washington 15. og 16. mars. Sýningar: 2. Áhorfendur: 1.000.

Áhorfendur alls á árinu 2014: 99.832.

Leikhúsið og áhorfendur

Umræður eftir 6. sýningu

Þjóðleikhúsið bauð leikhúsgestum upp á umræður með þátttöku listrænna stjórnenda og leikenda sýninga eftir 6. sýningu á hverju verki. Þessar umræður, sem nú eru haldnar fjórða leikárið í röð, hafa tekist afar vel og reynst frjór vettvangur samskipta milli sviðs og salar. Einnig býður leikhúsið upp á umræður eftir sýningar fyrir hópa, þegar þess er óskað.

Samstarf við Endurmenntun HÍ

Þjóðleikhúsið hélt á árinu áfram að eiga samstarf við Endurmenntun HÍ um námskeið fyrir almenning í tengslum við sýningar leikhússins. Boðið var upp á námskeið í tengslum við jólafrumsýningu leikhússins, Sjálfstætt fólk - Hetjusögu. Námskeiðið var vel sótt og tókst afar vel.

Bein útsending

Sigurganga Engla alheimsins hét áfram og í janúar var sýningin gestasýning í Hofi á Akureyri og í lok mars var síðustu sýningu á verkinu varpað beint af fjöllum leikhússins heim í stofu til landsmanna í samstarfi við RÚV. Sýningar á Englum alheimsins urðu tæplega níttíu í allt, en það er afar sjaldgæft að dramatísk verk nái ámóta hylli og rómuð sviðsetning Þorleifs Arnar og hans samverkamanna á þessu ástsæla skáldverki Einars Más Guðmundssonar.

Leikhúsuppeldi og fræðsla

Mikill áhugi er hjá börnum og ungmennum á að koma í heimsókn í leikhúsið á skólatíma. Fjölmargir skólahópar, allt frá leikskólabörnum til háskólanema, fengu að kynnast sögu leikhússins og því sem unnið er á bak við tjöldin í tæknideildum. Nemendur koma líka í starfskynningar og staldra þá lengur við og fá nánari innsýn í leikhússtarfið. Þeir vinna síðan verkefni í skólanum um heimsóknina. Það kemur flestum skemmtilega á óvart hversu margbreytileg störfín eru í leikhúsinu, þessu fallega húsi sem þjóðin á.

Sögustund í Þjóðleikhúskjallara

Sjötta leikárið í röð bauð Þjóðleikhúsið öllum börnum í elstu deildum leikskóla á höfuðborgarsvæðinu á Sögustund í leikhúsinu til að fræðast og njóta leiksýningar. Að þessu sinni sýndi brúðumeistarinn Bernd Ogrodnik sýningu sína "Sögustund fyrir leikskólabörn: Brúðukistan - Bernd og brúðurnar hans" við mikla hrifningu. Sýnt var í Leikhúskjallaranum.

Kúlan – vettvangur nýsköpunar

Sýningarnar fyrir yngstu börnin í Kúlunni njóta mikilla vinsælda, en um tveir tugir nýrra íslenskra barnaleikrita hafa verið frumsýndir í Kúlunni, frá því að sviðið var opnað sem barnaleikhús.

Brúðuloftið

Bernd Ogrodnik stendur fyrir brúðuleikhúsi á Brúðuloftinu í nánun samstarfi við Þjóðleikhúsið. Starfsemin hefur nú einnig sitt eigið verkstæði í leikhúsinu, þar sem Bernd skapar allar brúður sínar og leikmyndir.

Árviss aðventusýning

Tíunda árið í röð sýndi leikhúsið Leitina að jólnum á adventunni, og eru nú sýningar orðnar um 250 talsins. Sýningin nýtur mikillar hylli og hafa um 24 þúsund gestir leitað að jólnum frá árinu 2005.

Nánari flokkun sýninga á árinu 2014

Íslensk leikverk frumsýnd í Þjóðleikhúsinu árið 2014:

1. **Svanir skilja ekki** eftir Auði Övu Ólafsdóttur.
2. **Ævintýri í Latabæ** söngleikur eftir Magnús Scheving, Ólaf S.K. Þorvaldz og Mána Svavarsson.
3. **Sögustund fyrir leikskólabörn: Brúðukistan - Bernd og brúðurnar hans** eftir Bernd Ogrodnik.
4. **Konan við 1000°** eftir Hallgrím Helgason. Leikgerð: Hallgrímur Helgason í samvinnu við Unu Þorleifsdóttur og Símon Birgisson.
5. **Karitas** eftir Kristínu Marju Baldursdóttur. Leikgerð: Ólafur Egill Egilsson í samvinnu við Símon Birgisson.
6. **Sjálfstætt fólk - Hetjusaga** eftir Halldór Laxness. Leikgerð: Símon Birgisson, Ólafur Egill Egilsson og Atli Rafn Sigurðarson.
7. **Leitin að Jörundi - Sápuópera um hundadagakonung** eftir Eddu Þórarinsdóttur. Í samstarfi við Fjögur á palli.
8. **Fiskabúrið** eftir leikhópinn. Í samstarfi við Skýjasmiðjuna.
9. **Ofsi** eftir Einar Kárason. Leikgerð: Marta Nordal, leikhópurinn og Jón Atli Jónasson. Leikstjórn: Marta Nordal. Í samstarfi við Aldrei óstelandi.

Íslensk dansverk, samstarfsverkefni frumsýnd í Þjóðleikhúsinu árið 2014:

1. **Óraunveruleikir** danssýning eftir Urði Hákonardóttur, Valgerði Rúnarsdóttur og Þyrí Huld Árnadóttur.
2. **Skrattinn úr sauðarlegnum** danssýning eftir Melkorku Sigríði Magnúsdóttur, Sigríði Soffíu Nielsdóttur og Valdimar Jóhannsson.
3. **Predator** danssýning eftir Sögu Sigurðardóttur.
4. **This is it** danssýning eftir Steinunni Ketilsdóttur og **Saving history** danssýning eftir Katrínu Gunnarsdóttur.
5. **Wilhelm Scream** danssýning eftir Ingu Huld Hákonardóttur and Rósu Ómarsdóttur.
6. **A Lecture on Borderline Musicals** danssýning eftir Ernu Ómarsdóttur og Valdimar Jóhannsson.
7. **Vivid** danssýning eftir Unni Elísabetu Gunnarsdóttur.

Verk fyrir börn og unglínga í boði á árinu, ný og eldri:

1. **Litli prinsinn** eftir Aintoine de Saint-Exupéry.
2. **Ævintýri í Latabæ** söngleikur eftir Magnús Scheving, Ólaf S.K. Þorvaldz og Mána Svavarsson.
3. **Sögustund fyrir leikskólabörn: Brúðukistan - Bernd og brúðurnar hans** eftir Bernd Ogrodnik.
4. **Fiskabúrið** eftir leikhópinn. Í samstarfi við Skýjasmiðjuna.
5. **Karíus og Baktus** eftir Thorbjörn Egner.
6. **Óvitar** eftir Guðrúnu Helgadóttur.
7. **Aladdín** brúðusýning eftir Bernd Ogrodnik. Í samstarfi við Brúðuheima.
8. **Hvað ef? - skemmtifræðsla** eftir Guðmund Inga Þorvaldsson, Gunnar Sigurðsson og fleiri. Í samstarfi við 540 Gólf.
9. **Pétur og úlfurinn** brúðusýning eftir Bernd Ogrodnik. Í samstarfi við Brúðuheima.
10. **Leitin að jólnum** eftir Þorvald Þorsteinsson og Árna Egilsson.
11. **Hættuför í Huliðsdal** eftir Sölku Guðmundsdóttur. Í samstarfi við Soðið svið.

Markaðs- og kynningarstarf

Kynning á leikárinu 2014-2015 hófst í júní, með kynningu sem tengiliðum leikhússins hjá 300 stærstu fyrirtækjum var boðið á. Þjóðleikhússtjóri kynnti komandi leikár fyrir gestum og í kjölfarið var þeim boðið á sýningu. Þeirri kynningu var síðan fylgt eftir í ágúst. Strax var lögð rík áhersla á íslenskan vetur og þeirri sérstöðu haldið á lofti næstu mánuði.

Haustkynning leikhússins var með nokkuð öðru sniði en áður, en ákveðið var að gefa ekki út leikársbækling heldur nýta aðrar leiðir til kynningar. Birt var meira af prentauglýsingum í dagblöðum, meðal annars voru keyptar kápur utan um Fréttatímamann sem dreift var þrisvar sinnum á öllu höfuðborgarsvæðinu. Mæltist þessi nýjung almennt vel fyrir og var sala leikhúskorta meiri en undanfarin ár þrátt fyrir þessa breytingu á haustkynningunni.

Áskriftarleiðir og sala

Frumskýningarkort 4 frumsýningar á Stóra sviðinu á 23.000 krónur

Leikhúsgestir tryggja sér fast sæti á fjórar frumsýningar á Stóra sviðinu.

Áskriftarkort 4 sýningar á Stóra sviðinu á 14.500 krónur

Leikhúsgestir tryggir sér fast sæti á fjórar sýningar á Stóra sviðinu. Undanfarin ár hefur þeim gestum sem velja þessa leið fækkað nokkuð en í ár var lögð áhersla á að kynna þessa leið sérstaklega vel. Aukning í sölu á föstum sætum í áskrift var 42% á milli ára.

Leikhúskort 3 sýningar að eigin vali á 11.500 krónur

Í ár var í fyrsta sinn boðið uppá þriggja sýninga kort, en venjan hefur verið að bjóða aðeins uppá fjögurra sýninga kort. Aukning í sölu leikhúskorta var 30% á milli ára.

Ungmennakort 3 sýningar að eigin vali á 9.500 krónur

Samskonar kort og Leikhúskortið, fyrir leikhúsgesti yngri en 25 ára.

Kúlukort 3 sýningar á 5.500 krónur

Kort sem gildir á smærri barnasýningar leikársins.

Gjafakort - söluátak

Í desember var efnt til söluátaks á gjafakortum með beinni markaðssetningu og beinni sölu. Niðurstaða þess átaks var sambærilegt og fyrir jólin 2013.

Gríman - Íslensku leiklistarverðlaunin 2014

Grímuverðlaunin

Segja má að dreifing Grímuverðlaunanna milli ólíkra aðila hafi verið nokkuð jöfn að þessu sinni, eða Íslensku óperunnar, Þjóðleikhússins, Borgarleikhússins, Leikfélags Akureyrar, Íslenska dansflokksins og tveggja sjálfstæðra leikhópa. Sýningar Þjóðleikhússins hlutu því óvenjufá Grímuverðlaun að þessu sinni, þrátt fyrir fjölda tilnefninga fyrir Eldraunina, en þrenn verðlaun féllu þó leikhúsinu í hlut:

Leikari ársins í aðalhlutverki

Hilmir Snær Guðnason fyrir Eldraunina

Leikkona ársins í aðalhlutverki

Margrét Vilhjálmsdóttir fyrir Eldraunina

Hljóðmynd ársins

Vala Gestsdóttir og Kristinn Gauti Einarsson fyrir Litla prinsinn



Tilnefningar til Grímunnar

Sýning ársins

- Eldraunin eftir Arthur Miller

Leikrit ársins

- Harmsaga eftir Mikael Torfason
- Svanir skilja ekki eftir Auði Övu Ólafsdóttur

Leikstjóri ársins

- Stefan Metz - Eldraunin

Leikari ársins í aðalhlutverki

- Hilmir Snær Guðnason - Eldraunin
- Stefán Hallur Stefánsson - Lúkas í sviðsetningu Aldrei óstelandi og Þjóðleikhússins

Leikkona ársins í aðalhlutverki

- Margrét Vilhjálmsdóttir - Eldraunin
- Selma Björnsdóttir - Spamalot
- Edda Björg Eyjólfsdóttir - Lúkas í sviðsetningu Aldrei óstelandi og Þjóðleikhússins

Leikari ársins í aukahlutverki

- Arnar Jónsson - Eldraunin
- Sigurður Skúlason - Eldraunin
- Stefán Hallur Stefánsson - Eldraunin

Leikkona ársins í aukahlutverki

- Elma Stefanía Ágústsdóttir - Eldraunin

- Vigdís Hrefna Pálsdóttir - Eldraunin

Leikmynd ársins

- Sean Mackaoui - Eldraunin
- Stígur Steinþórsson - Lúkas í sviðsetningu Aldrei óstelandi og Þjóðleikhússins

Búningar ársins

- Helga I. Stefánsdóttir - Lúkas í sviðsetningu Aldrei óstelandi og Þjóðleikhússins

Hljóðmynd ársins

- Halldór Snær Bjarnason - Eldraunin
- Vala Gestsdóttir og Kristinn Gauti Einarsson - Litli prinsinn
- Stefán Már Magnússon - Lúkas í sviðsetningu Aldrei óstelandi og Þjóðleikhússins

Söngvari ársins

- Selma Björnsdóttir - Spamalot

Danshöfundur ársins

- Valgerður Rúnarsdóttir, Þyri Huld Árnadóttir og Urður Hákonardóttir: Óraunveruleikir, í sviðsetningu Urðar Hákonardóttur, Valgerðar Rúnarsdóttur, Þyriar Huldar Árnadóttur og Þjóðleikhússins

Barnasýning ársins

- Aladdin eftir Bernd Ogródnik í sviðsetningu Brúðuheima og Þjóðleikhússins
- Fetta Bretta eftir Tinnu Grétarsdóttur í sviðsetningu Bibí og Blaka og Þjóðleikhússins
- Hættuför í Huliðsdal eftir Söлку Guðmundsdóttur í sviðsetningu Soðins sviðs og Þjóðleikhússins

Sproti ársins


- Aldrei óstelandi fyrir Lúkas í sviðsetningu Aldrei óstelandi og Þjóðleikhússins
- Tinna Grétarsdóttir og Bibí og blaka fyrir Fetta Bretta í sviðsetningu Bibí og blaka og Þjóðleikhússins



Staða tækjabúnaðar Þjóðleikhússins

Samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkur mun Leikfélag Reykjavíkur fá úr Borgarsjóði 936 m.kr. á árinu 2015 að auki eru settar 80 m.kr. í flug-, sviðsljósa- og hljóðbúnað eða samtals 1016 m.kr. Einnig hefur Leikfélag Reykjavíkur umtalsverðar leigutekjur af Íslenska dansflokknum eða tæplega 30 m.kr. Á fjárlögum 2015 er að auki veitt 10 m.kr. til að styrkja rekstrargrundvöll Leikfélags Reykjavíkur sem samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkur og vegna leigutekna af ÍD hefur þar með rúmlega 250 m.kr. á ári meira í opinbera styrki til rekstrar en Þjóðleikhúsið.

Þjóðleikhúsið fær 799,8 m.kr. á fjárlögum



Verðlag 2006-2013 leiðrétt m.v. launavísitölu 2014, en 2015 óbreytt frá fjárlagafrumvarpi

Tækjabúnaður Þjóðleikhússins er orðinn gamall og lélegur og þarf leikhúsið að búa við það að missa frá sér verkefni vegna tæknilegrar vangetu.

Meðfylgjandi er yfirlit yfir eignfærð tækjakaup Þjóðleikhússins frá 1.1.2010-15.10.2014. Á því yfirliti má sjá að keypt hafa verið tæki fyrir tæplega 109 millj.kr. þennan tíma á móti þeirri 80 millj.kr. sérfjárveitingu sem leikhúsinu hefur borist frá ráðuneytinu vegna tækjakaupa fyrir sama tímabil. Þar vantar upp á 29 millj.kr. Þá má benda á að á 5 ára tímabili fær Þjóðleikhúsið sömu upphæð og Leikfélag Reykjavíkur fær á einu ári til tækjakaupa.

Á erfiðum tímum er eðlilegt að gerð sé krafa um aðhald í stofnunum ríkisins. Þessa kröfu hefur Þjóðleikhúsið undirgengist og farið í erfiðar hagræðingaraðgerðir með uppsögnum. Þannig hefur tugum starfsmanna verið sagt upp frá árinu 2010.

Það ríkir í raun tvíkeppni á leikhúsmarkaði á höfuðborgarsvæðinu. Á slíkum mörkuðum skipta aðgerðir og aðstæður mótaðila miklu. Frá árinu 2010 hafa opinber framlög til Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins farið úr því að vera svipuð í þá stöðu að á næsta ári mun Borgarleikhúsið njóta yfir 30% hærri opinberra framlaga. Við þessar aðstæður er Þjóðleikhúsinu ætlað að keppa um hylli áhorfenda og um starfskrafta fremstu listamanna. Þetta er staðan metin út frá staðreyndum málsins.

| Heiti viðfangs | SAMTALS |
|---|-------------|
| Rekstur leiksviða | 8.650.658 |
| Rekstur verkstæða | 930.463 |
| Rekstur Þjóðleikhús | 3.289.556 |
| Rekstur, búningadeild | 906.453 |
| Rekstur, hárkollur og förðun | 100.604 |
| Rekstur, hljóðdeild | 28.740.550 |
| Rekstur, kynninga- og markaðsdeild | 259.526 |
| Rekstur, leikferðir - gestaleikir - sýningar utanhúss | 250.542 |
| Rekstur, leiklistarstjóri | 187.249 |
| Rekstur, leikmunadeild | 29.889 |
| Rekstur, ljósadeild | 61.999.491 |
| Rekstur, miðasala | 1.143.456 |
| Rekstur, skipulagsstjórn | 117.405 |
| Rekstur, skrifstofa | 1.361.954 |
| Rekstur, Þjóðleikhússtjóri | 697.313 |
| SAMTALS | 108.665.109 |

Til þess að snúa í einhverju við þeirri öfugþróun sem átt hefur sér stað hvað varðar Þjóðleikhúsið og bæta samkeppnishæfni leikhússins og starfsaðstæður er hér sett fram tillaga sem miðar að því annars vegar að hefja endurnýjun tækjabúnaðar og koma þeirri framkvæmd í hendur Fasteigna ríkissjóðs og hins vegar fjármögnun og fyrirkomulag húsaleigu. Með færslu á fasteignum Þjóðleikhússins og þar með viðhaldi þeirra og umsjón inn í Fasteignir ríkissjóðs var komið á núverandi fyrirkomulagi. Þar með hófust miklar endurbætur m.a. á aðgengi fatlaðra, á öryggis- og brunavörnum, á raflögnum og gestavæðum.

Undanskilið umsjón og viðhaldi Fasteigna ríkissjóðs var m.a. ýmis sviðbúnaður Þjóðleikhússins s.s. ljósa- og hljóðbúnaður og flugkerfi. Þessi búnaður er þó sannarlega hluti fasteignarinnar. Þannig má til dæmis sjá í samkomulagi Reykjavíkurborgar, eiganda Borgarleikhússins, við Leikfélag Reykjavíkur um rekstur Borgarleikhússins 5.gr. að Reykjavíkurborg greiði viðhald flugkerfis, hljóðkerfis og leikljósakerfis. Þjóðleikhúsið hefur þegar að beiðni Ríkisendurskoðunar tekið saman endurnýjunarþörf leikljósa og hljóðbúnaðar. Ekki er inni í þeirri samantekt kostnaður vegna endurnýjunar flugkerfis, sem er upprunalegt frá opnun Þjóðleikhússins 1950.

Þann 4. desember s.l. áttu verðandi þjóðleikhússtjóri og formaður þjóðleikhúsráðs fund með mennta- og menningarmálaráðherra vegna tækjakosts og tækniþúnaðar Þjóðleikhússins. Á þeim fundi kom fram að mikið af búnaðinum er kominn langt fram yfir eðlilegan líftíma og endurstofnverð hans er umtalsvert. Þá var ræddur sá möguleiki að umsjón með viðhaldi og endurnýjun búnaðarins væri fært til Fasteigna ríkissjóðs og myndi í kjölfar endurnýjunarinnar

vera eðlilegt að leigugjald Þjóðleikhússins til Fasteigna ríkissjóðs myndi hækka til samræmis við hin auknu verðmæti búnaðarins að teknu tilliti til afskrifta.

Þjóðleikhúsið myndi samhliða vænta hækkunar á framlagi ríkisins til rekstrar vegna hærri húsaleigu. Ennfremur væri fjármögnun tryggð gagnvart Fasteignum ríkissjóðs með fjárlögum. Þetta var tillaga Þjóðleikhússins:

- Fasteignum ríkissjóðs verið falið viðhald og endurnýjun leikljósa, hljóðbúnaðar og flugkerfis.
- Fasteignum ríkissjóðs verði tryggðir fjármunir vegna endurstofnverðs og vegna viðhalds búnaðar eftir það.
- Leigugjald Þjóðleikhússins til Fasteigna ríkisins hækki vegna framkvæmda við endurnýjun ljósa-, hljóð- og flugkerfis.
- Þjóðleikhúsinu verði bætt árlega með verðlagsbótum fjárlaga hækkun leigugjalds.

Í sögulegu samhengi má nefna að það hefur alltaf verið hafður sá háttur á í rekstri Þjóðleikhússins að endurnýjun tækjabúnaðar hefur verið greidd af öðrum fjárlagalið en almennur rekstur og þegar komið hefur að meiriháttar endurnýjun eða endurstofnverði hefur málið verið afgreitt með sérstakri fjárveitingu.

Ráðherra tók vel í þessa málaleitan og hvatti til þess að málið væri undirbúið frekar svo hægt væri að forgangsraða og meta fjárþörf.

Þjóðleikhúsið fékk því til liðs við sig ráðgjafataeknifræðing til að gera úttekt á stöðu mála og var henni lokið með minnisblaði 27. janúar 2015. Þar kom fram að á árinu 1990 var hafist handa við svokallaða Endurreisn Þjóðleikhússins til endurbóta vegna breytinga á tækni og í leikhúsrekstri, en hönnun byggingarinnar er frá þriðja áratug 20. aldar og hafði hún þá verið í notkun í 40 ár án teljandi viðhalds og endurbóta. Hafist var handa við fyrsta áfanga sem nefndur var Endurreisn I, en eftir skyldi fara Endurreisn II, er tæki til endurbóta á sviðsturni, starfsmannaaðstöðu og lagnakerfa hússins.

Árið 2005 var gerður samningur um ráðgjöf við þýska ráðgjafafyrirtækið Gerling+Arent, sem sérhæft er í endurbótum eldri vanbúinna leikhúsa. Lagði fyrirtækið fram ítarlega skýrslu um ástand og tillögur til aðgerða sem ætlað var að bæta myndu rekstur leikhússins. Í skýrslunni eru settir fram þrír valkostir en um þá og skipulagshugmyndir Garðars Halldórssonar arkitekts er fjallað í greinargerð Gunnars Torfasonar (GT) ráðgjafarverkfræðings frá í júní 2008.

Öllum sem að málinu hafa komið á undanförunum aldarfjórðungi er fullljóst að allur sviðsbúnaður í Þjóðleikhúsinu er algerlega úreldur og undravert að starfsmenn hússins skuli geta haldið rekstrinum gangandi. Í því sambandi skal haft í huga, að hluti sviðsbúnaðar Borgarleikhússins, sem tekið var í notkun haustið 1989, hefur þegar verið endurnýjaður. Má þar nefna stýrikerfi flugkerfis, ljósa- og hljóðkerfi og í undirbúningi mun vera endurnýjun á vélbúnaði hringsviðs. Þessar endurbætur hafa átt sér stað án þess að valda truflun á rekstri Borgarleikhússins.

Á sama tíma og megnið af búnaði Þjóðleikhússins hefur ekki verið endurnýjaður í 65 ár. Þannig stendur ritað á vélbúnað hringsviðs Þjóðleikhússins „Landsmiðjan 1948“.

Endurnýjun á sviðsbúnaði Þjóðleikhússins er stórframkvæmd. Umfang hennar er meira en felst í hefðbundnu viðhaldi og er í raun stofnframkvæmd, henni má áfangaskipta og þannig skipta kostnaði og framkvæmdatíma á fleiri ár. Verk sem þetta er ekki nema að litlu leyti

hefðbundin byggingarframkvæmd heldur í ríkum mæli innkaup og uppsetning á búnaði sem að nokkru leyti hefur verið aðlagður að byggingunni.

Samhliða kaupum og uppsetningu á nýjum búnaði verður að ráðast í breytingar á byggingarhlutum sem nýr og breyttur búnaður leiðir af sér, sem dæmi þarf nýtt flugkerfi minna rými en núverandi kaðlakerfi, rauf í sviðsgólf því óþörf. Komi til áfangaskiptinga við framkvæmd verksins er mikilvægt að þau verk verði skýrt afmörkuð og verk unnin í réttri röð. Röng framkvæmdaröð gæti haft í för með sér viðbótarkostnað. Til að tryggja réttan framgang verksins er nauðsynlegt að gera vandaða þarfagreiningu.

Það er ekki spurning hvort þurfi að ráðast í endurnýjun sviðsbúnaðar Þjóðleikhússins, heldur hvað má draga það lengi. Helstu verkþættir við framkvæmdina eru endurnýjun á:

- Flugkerfi
- Lýsingakerfi
- Hljóðkerfi
- Samskiptakerfi
- Sviðsopsturnum
- Gólfi aðalsviðs og undirsviðs og eftir atvikum vél- og hjólabúnaði hringsviðs
- Þessi endurnýjun getur kallað á breytingar á grindargólfi, vinnubrum, brunaviðvörðunarkerfi, vatnsúðakerfi, húslýsingu, raflagna og hita- og vatnslagnakerfi byggingarinnar.

Hugsa má áfangaskipti þannig:

- Þarfagreining-Frumhönnun-Kostnaðarmat
- Kaup og uppsetning flugkerfis
- Kaup og uppsetning leikhúslýsingar
- Kaup og uppsetning hljóð- og samskiptakerfa
- Endurnýjun sviðsgólfa og eftir atvikum vél- og hjólabúnaðar hringsviðs
- Reikna má með einu ári í fyrsta áfanga, en aðra mætti vinna á tveim til fjórum árum og þá miðað við að framkvæmt verði í rekstrarhléum á sumartíma.

Starfsmannamál

Þjóðleikhúsið hélt áfram að hlúa að innra starfi leikhússins með reglulegum starfsmannafundum, endurmatsfundum eftir frumsýningar sýninga og samverustundum starfsmanna. Einnig heldur þjóðleikhússtjóri, ásamt framkvæmdastjóra og leiklistarráðunauti, reglulega fundi með leikarahópi hússins. Ásamt leiklistarráðunauti tekur þjóðleikhússtjóri viðtöl árlega við hvern leikara hússins.

Starfsmannastefna Þjóðleikhússins var síðast uppfærð árið 2010 og er aðgengileg starfsfólki á innra neti leikhússins.

Teknar voru saman leiðbeiningar fyrir nýja starfsmenn, sem eru uppfærðar reglulega. Sjá nánar í viðauka 5.

Jafnréttisáætlun Þjóðleikhússins var uppfærð á árinu og sett inn aðgerðaáætlun með markmiðum og tímamörkum.


Jafnréttisstefnan er aðgengileg starfsfólki á innra neti leikhússins.

Aðgerðaáætlun með viðbrögðum við einelti og kynferðislegri áreitni var einnig uppfærð á árinu. Aðgerðaáætlunin er aðgengileg starfsfólki á innra neti leikhússins.



Nýtt skipurit og breytingar á yfirstjórn í upphafi árs 2015

Við leikhússtjórnaskipti um áramót og með því að aðrar mannabreytingar urðu í yfirstjórn gafst tækifæri til endurskipulagningar og gerðar nýs skipurits. Að þessari vinnu kom, ásamt Þjóðleikhússtjóra, formaður Þjóðleikhúsráðs og var það í samræmi við 8.gr. Leiklistarlaga nr. 138/1998.



Við þessar breytingar varð til nýtt starf skrifstofustjóra. Undir skrifstofustjóra mun starfa verkefnastjóri.

Með hinu breytta skipuriti mun fækka í yfirstjórn og störfum verða breytt. Þessi breyting mun hæglega spara í rekstri Þjóðleikhússins um 5-10 millj.kr. á ári og má vænta þess að sparnaðurinn fari að koma fram þegar á s.hl. ársins.

Viðauki 1 - rekstrarreikningur Þjóðleikhússins 2014

| | |
|----------------------------|----------------------------------|
| Tekjur: | 2014 |
| Framlag ríkissjóðs | 754.200.000 |
| Önnur framlög | 26.689.431 |
| Miðasölutekjur | 239.368.245 |
| Aðrar tekjur | 54.935.246 |
| Samtals tekjur | <u>1.075.192.922</u> |
| | |
| Gjöld: | |
| Laun og launatengd gjöld | 707.368.972 |
| Önnur gjöld | 420.667.880 |
| Samtals gjöld | <u>1.128.036.852</u> |
| | |
| Rekstrartap | <u><u>-52.843.930</u></u> |
| | |
| Eigið fé: | |
| Eigið fé 01.01.2014 | -419.865 |
| Rekstrartap 2014 | -52.843.930 |
| Eigið fé 31.12.2014 | <u><u>-53.263.795</u></u> |

Viðauki 2 - brýn viðhaldsverkefni í Þjóðleikhúsinu.

Aðalbygging, almennt – Stefnt er að því að endurnýja sviðsgólf (það sama frá upphafi) og laga halla á sviðshring, sumarið 2015. Endurnýja þarf einnig gólf á millidekki.

Lýsing utanhúss - Bæta þarf lýsingu við og í kringum Þjóðleikhúsið, bæði svo húsið njóti sín betur og eins vegna aðkomu gesta.

Merkingar við húsið - Koma þarf upp merkingum við húsið.

Aðaldyr – Tröppur að framanverðu þarfnast lagfæringar, brotnar stöðugt upp úr tröppum og stéttum við húsið.

Hjólástólaaðgengi - Þarfnast endurskoðunar. Aðkoma að utan og lyfta upp í framhús og niður í kjallara þjónar ekki öllum gestum eins og skyldi vegna þyngdarmarka.

Innanhússrafmagn – Yfirfara þarf tengla/rennur á sviði. Koma þarf gömlu spennustöðinni út úr húsi.

Önnur viðhaldsverkefni- Laga þarf skemmdir á veggjum og í lofti í bakhúsi á starfsmannagangi, í aðstöðu ljósamanna, gamla sminki og á skrifstofu framkvæmdastjóra. Endurnýja þarf salerni og sturtuklefa á starfsmannagöngum. Teppi í áhorfendasal og í framhúsi illa slitið og endurnýja þarf gólf í Græna herbergi. Auka þarf loftræstingu á smíðaverkstæði.

Bílastæði - Malbika þarf bílastæði austanvert við leikhúsið.

Lindargata 7, Kassinn / Kúlan - Laga þarf tröppur fyrir framan húsið. Endurnýja þarf glugga á norðurhlið /horni hússins 1. Og 2. Hæð og rakaskemmdir eru í gólfi og veggjum í búningsaðstöðu í kjallara.

Öryggismál - Neyðarútgang vantar enn í Kassann. Brunastöð í húsinu er gömul og þarfnast endurnýjunar. Huga að tengingu við brunakerfi í aðalbyggingu.

Hreinlætisaðstaða starfsmanna - Endurnýja þarf sturtur í kjallara og koma upp skiptum klefum fyrir karla og konur. Einnig endurnýja gamla gufubaðið.

Lindargata 3, Dómhúsið - Gera þarf við skemmdir á veggjum og í lofti, þegar utanhússviðgerðum er lokið.

Hreinlætisaðstaða starfsmanna - Bæta þarf hreinlætisaðstöðu, koma upp fleiri salernum og sturtuklefa á annari hæð við æfingasal.

Ljósadeild:

Dimmakerfi Stóra sviðs:

Stýringar fyrir dimmera hafa verið að bila reglulega og erfitt er orðið að fá varahluti.

Engir dimmerar eru til vara og sum númer óvirk eða með 70% virkni.

Möguleiki á alvarlegri bilun á sýningu.

Engin viðgerðarþjónusta er í boði hér á landi.

Ef stýringar dimma bila er ekki hægt að halda áfram sýningum á sviðinu. Höfum nú keypt hreyfiljós til að minnka fjölda dimma sem þarf að nota.

Leikhúsljós Stóra sviðs:

Komin langt fram yfir endurnýjunartíma. Flest orðin um 21 árs gömul.

Búið að halda þeim við með því að skipta út glerjum og speglum sem er orðið mjög erfitt að fá í dag. Varahlutir líka orðnir mjög dýrir.

Möguleiki á að skipta út eldri ljósum fyrir hreyfiljós og þannig smám saman fækka kösturum sem sparar tíma á sviði við að stilla inn handvirkt.

Hreyfiljós:

Hluti kominn á endurnýjunartíma eða orðin ónýt.

Færri vinnustundir við innstillingar.

Færri kastarar sjá um vinnuna.

Kassinn:

Þar sem Kassinn þarf nú að vera tvísetinn að hluta, er mikilvægt að það sé til búnaður til þess að mæta þeim kröfum.

Kúlan:

Dimmar Kúlunnar eru ónýtir og erum við að nota dimma sem notaðir voru til að bjarga dimmabiluninni á Stóra sviði 2008.

Ljósabúnaður samanstendur af elstu tækjum hússins sem eru sum hver orðin hátt í 40 ára.

Leikhúskjallari:

Hér eru notaðir afgangskastarar af öðrum sviðum.

Leikloftið/Brúðuloftið:

Vegna fjölda sýninga í Kassa og Kúlu er ekki hægt að nýta afgangsbúnað þaðan á

Brúðuloftinu. Við þurfum því að kaupa inn búnað til notkunar þar, eða í Kúlunni og færa eldri búnað yfir.

Hljóðdeild

Stóra sviðið:

Huga þarf að nýjum mixer. Mixerinn sem fyrir er var hugsaður sem bráðabirgðalausn og uppfyllir hann alls ekki þær kröfur sem Þjóðleikhúsinu sæmir.

Vantar 2 góða hátalara í turna (Meyer UPA1p, UPJ1p).

Vantar 2 góða hátalara innst á sviði (Meyer UPA1p, UPJ1p).

Þegar hafa verið settir upp móttakarar, loftnet og sendar vegna breytinga á tíðnisviði og er áætlaður kostnaður um 9 milljónir króna.

Kúlan:

Leysa þarf hljóðkerfismál þar, þar sem hátalarar sem nú eru notaðir eru hugsaðir sem “lausir” hátalarar til notkunar á einstökum viðburðum þegar þörf er á. Það vantar annað hvort hljóðkerfi fyrir Kúluna eða hátalara í stað þeirra sem þar eru.

Fjöllínukapall. Í Kúlunni hefur aldrei verið til staðar fjöllínukapall, en hann myndi einfalda mikið hluti sem nú eru afar flóknir.

Stúdíó:

Í smíðum er stúdíó með aðstöðu til upptöku á auglýsingum og almennri hljóðvinnslu, þar sem truflun af umgangi, æfingum og viðburðum í húsinu er í algjöru lágmarki. Kaupa þarf eitthvað af tækjum til að fullklára verkið.

Kassinn:

Mixer í kassanum er orðinn gamall og úr sér genginn og nauðsynlegt er að fara að huga að nýjum.

Fjöllínukapal vantar einnig í Kassann, þar sem aldrei hefur slíkur verið til staðar, en hann myndi einfalda mikið hluti sem nú eru afar flóknir.

Leikhúskjallari:

Hljóðkerfi og mixer vantar og monitora á svið. Þar er í notkun gamla hljóðkerfi Stóra sviðsins að einhverju leyti, sem er gamalt og úr sér gengið.

Keyptur var búnaður til hljóð-/ljósakeyrslu.

Almennt:

Sviðhlustun og sjónvarpskerfi hússins er orðið úrelt og hefur það legið fyrir frá árinu 2000. Þetta kerfi er dýrt en mikilvægt fyrir alla starfsemi hússins og er staðan þannig nú að ekki er lengur tekin ábyrgð á að kerfið virki vegna þeirra útbrunnu magnara, lagna og hátalara sem liggja út um allt hús, þótt allt sé gert til þess að halda því gangandi. Ef kerfið gefur sig fyrirvaralaust einhvern daginn er spurning hvernig hægt er að bregðast við. Þetta er kerfi sem verður ekki sett upp á einum degi eða einni viku heldur þarf að draga nýja kapla og hátalara í öll rými. Því verður að gera ráð fyrir að þetta verði gert á tíma sumarlokunar eða einfaldlega að húsinu verði lokað á meðan.

Viðauki 3 – fjöldi starfsmanna eftir starfssviðum.

| Skipulagseining | ótímabundnar ráðningar | | tímabundnar ráðningar | | |
|--------------------------------|------------------------|---------|-----------------------|---------|-----------|
| | fjöldi | ársverk | fjöldi | ársverk | verktakar |
| Þjóðleikhússtjóri | 1 | 1,00 | | | |
| Framkvæmdastjóri | 1 | 1,00 | | | |
| Leiklistarráðunautur | 1 | 1,00 | | | |
| Fræðsludeild og barnaleikhús | 1 | 0,49 | 1 | 0,08 | |
| Tæknistjóri | 1 | 1,00 | | | |
| Skrifstofa | 4 | 3,97 | | | |
| Kynningar- og markaðsdeild | 3 | 1,91 | 1 | 0,08 | |
| Miðasala | 3 | 2,31 | 11 | 1,18 | |
| Sýningastjórar | 3 | 2,49 | | | |
| Hár og förðun | 5 | 4,25 | 8 | 1,41 | |
| Hljóðdeild | 5 | 3,66 | 4 | 0,81 | |
| Leikmunadeild | 4 | 2,96 | 3 | 0,48 | |
| Leiksvið | 10 | 7,56 | 30 | 5,74 | |
| Ljósadeild | 6 | 4,86 | 10 | 1,64 | |
| Saumastofa | 6 | 4,25 | 12 | 1,61 | |
| Gestamóttaka | | | 31 | 5,63 | |
| Hús- og dyravarsla aðalbygging | 1 | 1,00 | 2 | 0,91 | |
| Mötuneyti | 2 | 1,67 | | | |
| Ræsting aðalbygging | 3 | 1,83 | | | |
| Listráð | | | 3 | | |
| Þjóðleikhúsráð | | | 5 | | |
| SAMTALS yfirstjórn og deildir | 60 | 47,21 | 121 | 19,58 | 0 |
| Hljóðfæraleikarar | | | 23 | | |
| Hljóðmyndir | | | | | 5 |
| Höfundar og þýðendur | | | | | 12 |
| Leikarar | 20 | 16,29 | 37 | 16,23 | 6 |
| Leikarar aukaleikarar | | | 55 | | |
| Leikmynda- og búningahöfundar | | | 13 | | 4 |
| Leikstjórar og aðst.m. | | | 7 | | 6 |
| Sviðshreyfingar | | | | | 3 |
| Tónlistarstjórn | | | | | 2 |
| SAMTALS listasvið | 20 | 16,29 | 135 | 16,23 | 38 |
| SAMTALS | 80 | 63,49 | 256 | 35,80 | 38 |

Viðauki 4 - upplýsingar til nýrra starfsmanna í Þjóðleikhúsinu

Við þjóðum þig velkominn / velkomna til starfa við Þjóðleikhúsið. Hér eru ýmsar upplýsingar um starfsemi leikhússins sem gætu verið gagnlegar fyrir þig.

Starfsfólk

Í Þjóðleikhúsinu vinna vel á annað hundrað manns á hverju leikári. Hér er listi yfir ýmsa fastráðna starfsmenn sem þú gætir þurft að leita til. Öll netföng í leikhúsinu enda á @leikhusid.is. Upplýsingar um leikara og aðra listamenn er að finna á heimasíðu leikhússins.

Ari Matthíasson, þjóðleikhússtjóri, ari@, 585 1212

Melkorka Tekla Ólafsdóttir, leiklistarráðunautur, melkorka@, 585 1257, (verkefnaval og listræn ráðgjöf, leikskrár o.fl.)

Símon Birgisson, dramaturg, simon@ (sýninga- og handritsdramaturg, verkefnaval)

Þórhallur Sigurðsson, forstöðumaður barnastarfs og safnstjóri, thorrhallur@, 585 1268

Hákon Örn Hákonarson, tæknistjóri, hakon@, 585 1258, (umsjón með útfærslu og uppsetningu leikmynda o.fl.)

Markaðsdeild

Sigurlaug Þorsteinsdóttir, markaðsstjóri, sigurlaug@, 585 1240, (yfirumsjón markaðs- og kynningarmála, heimasíða o.fl.)

Fjármála- og launadeild

Aðalheiður Rafnsdóttir, fjármálastjóri, heida@, 585 1226, (greiðsla reikninga o.fl.)

Guðný Hólm Birgisdóttir, launafulltrúi, gudny@, 585 1225, (laun, vinnuskýrslur o.fl.)

Guðrún Ingólfssdóttir, aðalbókari, runa@, 585 1252, (bókhald, kvittanir o.fl.)

Tómas Zoega, skrifstofustjóri, tomas@, 585 1251, (áætlanir og eftirlit, laun)

Sýningarstjóradeild, 585 1232

Kristín Hauksdóttir, sýningarstjóri, kristinhauks@gmail.com

María Dís Cilia, sýningarstjóri, maria@

Búningadeild, buningar@, 585 1227

Berglind Einarsdóttir, deildarstjóri búningadeildar

Ásdís Guðný Guðmundsdóttir, búningameistari

Helga Lúðvíksdóttir, búningameistari

Hjördís Sigurbjörnsdóttir, búningameistari

Leila Arge, búningameistari

Ingveldur E. Breiðfjörð, búningaumsjón

Sviðsdeild, 585 1239

Viðar Jónsson, sviðsstjóri á Stóra sviði, vidar@

Axel Cortes, sviðsmaður

Árni Jónsson, sviðsmaður

Baldur Arge Sveinsson, sviðsmaður

Jón Stefán Sigurðsson, sviðsmaður

Reynir Þorsteinsson, sviðsmaður

Stella Björk Hilmarsdóttir, sviðsmaður

Michael John Bown, smiður

Guðmundur Erlingsson, umsjónarmaður á minni sviðum, gudmundure@

Leikmunadeild, props@, 585 1255

Trygve Jónas Eliassen, deildarstjóri leikmunadeildar
Ásta Jónsdóttir, leikmunagerð
Högni Sigurbórsson, leikmunagerð
Svanhvít Thea Árnadóttir

Leikgervadeild, smink@, 585 1229, 585 1250

Guðrún Erla Sigurbjarnadóttir, deildarstjóri leikgervadeildar
Ingibjörg G. Huldarsdóttir, hárkollu- og förðunarmeistari
Silfá Auðunsdóttir, hárkollu- og förðunarmeistari
Valdís Karen Smáradóttir, hárkollu- og förðunarmeistari
Þóra Guðbjörg Benediktsdóttir, hárgreiðslumeistari

Ljósadeild, 585 1238

Halldór Örn Óskarsson, deildarstjóri raftæknideildar/ljósameistari, halli@
Lárus Björnsson, ljósameistari
Magnús Arnar Sigurðarson, magnus@
Ólafur Ágúst Stefánsson, ljósameistari, oli@

Hljóðdeild, 585 1230, hljod@

Halldór Snær Bjarnason, hljóðmeistari, dori@ (í leyfi)
Kristinn Gauti Einarsson, hljóðmeistari, kristinn@
Kristján S. Einarsson, hljóðmaður, kristjan@
Elvar Geir Sævarsson, hljóðmaður
Hákon Einar Júlíusson, hljóðmaður
Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, hljóðmaður
Ólafur Pétur Georgsson, hljóðmaður

Miðasala, midasala@, 551 1200

Friðdóra Magnúsdóttir, miðasölustjóri, 585 1243
Þuríður Árnadóttir
Ragnheiður Ólafsdóttir
Júlía Margrét Einarsdóttir
Myrra Mjöll Daðadóttir
Hafþór Óskarsson

Umsjón, Leikhúskjallari, framhús, mötuneyti og ræsting

Ása Andrésdóttir, umsjónarmaður, leikhúskjallari, asa@, 585 1269
Askolds Selevskis, eldhús
Ina Selevska, eldhús
Helga Einarsdóttir, ræsting
Ligita Gaidele, ræsting

Bakhús

Gunnar Ingi Jónsson, bakdyravörður
Ragnar Ingi Magnússon, bakdyravörður

Húsnæði

Þjóðleikhúsið starfar í þremur húsum, auk þess sem leikhúsið leigir geymslur fyrir búninga, leikmuni o.s.frv. annars staðar í borginni.

Aðalbygging

Kjallari: Leikhúskjallarinn, Langibar, mötuneyti, smíðaverkstæði, Mánabar (samverustaður starfsfólks leikhússins), þvottahús. Lyfta er á ganginum milli Leikhúskjallara og Mánabars. Jarðhæð: Millidekk (undir Stóra sviðinu), kaffihorn (yfir Mánabar), skrifstofur Þjóðleikhússtjóra, framkvæmdastjóra, leiklistarráðunautar, skipulagsstjóra, tæknistjóra og markaðsdeildar, herbergi ljósamanna og hljóðmanna. Lyfta er af millidekki.

1. hæð. Stóra sviðið og inngangar á svið, græna herbergið (samverustaður leikara), fundarherbergi, búningaherbergi, mækaherbergi hljóðmanna, afdrep sviðsmanna (messa), leikmunadeild. Skrifstofa miðsölustjóra (forsetaherbergið). Framhús, inngangur gesta, barir (Kaffibar vestan megin, Barbar austan megin), Miðasala í anddyri. Lyfta er af Stóra sviðinu.
2. hæð. Hárgreiðslu- og förðunardeild, búningsherbergi leikara, stigi upp á Ballettsal (æfingasal). Lyfta er úr Ballettsal. Í framhúsi: Kristalsalur, Kristalbar, ljósaklefi og gamli hljóðklefnn (keyrslustaða deilda).
3. hæð. Búningadeild, búningsherbergi leikara, stigi upp á Málarasal (æfingasal á 4. hæð). Lyfta er úr Málarasal. Í framhúsi: Stigi upp á Leikhúsloftið / Brúðuloftið.

Hús Jóns Þorsteinssonar, einnig kallað JP eða Kassinn, Lindargötu 7

1. hæð: Kassinn, Jónsbar, gestarými, salerni fyrir fatlaða.
 2. hæð: Skrifstofur launafulltrúa og fjármála- og bókhaldsdeildar, leikstjóraherbergi, eldhús, lítið fundarherbergi. Inngangur inn í klefa tæknistjóra sýningar.
- Kjallari: Kúlan, búningsherbergi leikara, förðunarherbergi, samverustaður leikara, salerni, geymslur.

Dómhúsið

2. hæð: Dómsalur (æfingasalur).
3. hæð: Safn með bókum, handritum og leikskrá leikhússins. Fundar- og vinnuherbergi.

Dyrakóði

Starfsmannainngangur í aðalbyggingu, frá Lindargötu, er læstur. Þar er að jafnaði dyravörður á sýningum, annars þarf starfsfólk að slá inn dyrakóða. Mikilvægt er að starfsfólk deili þessum kóða ekki með öðrum.

Laun og vinnuskýrslur

Nýr starfsmaður hittir launafulltrúa áður en hann hefur störf og fær upplýsingar um launamál. Launafulltrúi upplýsir um vinnuskýldu, vinnuskýrslur, yfirvinnu, álag, biðtíma leikara o.s.frv. Launafulltrúi er Guðný Birgisdóttir, gudny@leikhusid.is, s. 585 1225, skrifstofa hennar er á 2. hæð í JP. Í forföllum hennar má leita til Tómasar Zoega.

Skilaboðaskjóðan - fjölpóstur

Starfsmenn leikhússins fá fjölpóst í gegnum Skilaboðaskjóðuna. Skrá þarf netfang sitt hér <http://eepurl.com/zk6kT> til að komast í Skilaboðaskjóðuna.

Innranetið

Þjóðleikhúsið er með innra net fyrir starfsmenn, þar sem má meðal annars nálgast sýningaplön. Starfsmaður hefur samband við markaðsdeild til að fá úthlutað aðgangsorði, en komast má inn á innranetið í gegnum heimasíðu Þjóðleikhússins.

Sýningaplön og æfingaboð

Sýninga- og æfingaplön hanga á gangi á jarðhæð í aðalbyggingu (há starfsmannainngangi). Einnig er hægt að nálgast sýningaplön á innra neti leikhússins.

Æfingaboð koma frá sýningarstjóra viðkomandi sýningar, að jafnaði undir lok hverrar viku fyrir þá viku sem á eftir kemur.

Búningsherbergi

Hver leikari á sér sitt búningsherbergi í aðalbyggingu, sem hann deilir með öðrum, og fær herbergi úthlutað af sýningarstjóra.

Félög starfsmanna og viðburðir

Leikarafélag Íslands er stéttarfélag leikara við Þjóðleikhúsið. Formaður er Baldur Trausti Hreinsson, baldur@mmedia.is.

Tæknimannafélag Þjóðleikhússins er starfsmannafélag tæknifólks og ýmissa annarra starfsmanna. Formaður er Ása Andrésdóttir, asa@leikhusid.is.

Jólahlaðborð er haldið í desember.

Árshátíð er haldin að vori, gjarnan í apríl.

Vorferð er farin undir lok leikársins, í júní.

Ýmis skemmtikvöld eru haldin á Mánabar yfir leikárið.

Matur og drykkur

Í mötuneyti starfsmanna í kjallara er hægt að fá hádegisverð alla virka daga, (600 kr.)

Á 1. hæð, í litlu afherbergi sem gengið er inn í af millidekki, er sjálfsali með samlokum, drykkjum og sætindum.

Frímiðar fyrir starfsfólk

Starfsmenn við Þjóðleikhúsið fá 2 frímiða einu sinni á hvert leikverk. Miðarnir eru afgreiddir samdægurs, ef laust er á sýningu.

Starfsmenn geta fengið 2 frímiða á aðalæfingu, og keypt aukamiða á lægra verði.

Að auki fá þeir frímiða þegar starfsmannasýningar eru auglýstar sérstaklega.

Starfsmenn njóta sérkjara á miðum og gjafakortum.

Eldvarnir

Ef rýma þarf húsið vegna hættuástands vinna lykilstarfsmenn (sem klæðast gulum vestum) samkvæmt rýmingaráætlun. Umsjónarmaður rýmingar hefur yfirumsjón með samskiptum og skipulagi, en með honum vinna rýmingarstjórar sem stjórna hver sínu föstu svæði. Mikilvægt er að starfsmenn kynni sér neyðarútganga hússins. Umsjónarmaður rýmingar: Ása Andrésdóttir og/eða Hákon Örn Hákonarson.

Sjúkrakassar

Sjúkrakassar eru staðsettir á tæknideildum og hjá sviðsmönnum í rangala. Einnig hjá sýningarstjórum.

Þjóðleikhúsráð

Þjóðleikhúsráð starfar samkvæmt leiklistarlögum 138/1998, en það er skipað fimm fulltrúum, þrjár eru skipað af menntamálaráðherra án tilnefningar, en tveir eru fulltrúar fagfélaga leikhúslístaafólks, (Félagi íslenskar leikara og Félagi leikstjóra á Íslandi). Ráðið hittist að jafnaði einu sinni í mánuði og sitja þjóðleikhússtjóri og framkvæmdastjór að jafnað fundi ráðsins, auk áheyrnarfulltrúa starfsmanna. Hægt er að koma athugasemdum til ráðsins í gegnum áhreyrnarfulltrúa starfsmanna, Hall Helgason, eða formanns ráðsins, Eyþórs Arnalds.

Listráð

Listráð vinnur að verkefnavali með Þjóðleikhússtjóra og leiklistarráðunaut Þjóðleikhússins, auk þess sem listrænar áherslur og ákvarðanir eru ræddar þar. Listráðið fundar reglulega emð þjóðleikhússtjóra frá því í byrjun október og fram í mars á hverju leikári við undirbúning þess næsta. Í listráði sitja þau Una Þorleifsdóttir leikstjóri, Atli Rafn Sigurðarson leikari og leikstjóri auk þeirra Melkorku Teklu Ólafsdóttur og Símonar Birgissonar leiklistarráðunauta.

Hægt er að koma hugmyndum til listráðs, eða óska eftir fundi með því, með því að hafa samband við leiklistarráðunauta hússins.

Reglulegir fundir

Þjóðleikhúsráð hittist að jafnaði einu sinni í mánuði.

(Ráðsmenn, þjóðleikhússtjóri, framkvæmdastjóri og áheyrnarfulltrúi starfsfólks.

Listráð fundar reglulega á háannatíma (október – mars)

(Listráðsmenn, þjóðleikhússtjóri og dramaturgar).

Samráðsfundur, mánudaga kl. 9:15

(Leikhússtjóri,

framkvæmdastjóri, markaðsstjóri, leiklistarráðunautur, kynningarfulltrúi, skipulagsstjóri og fræðslustjóri)

Deildarstjórafundir, þriðjudaga kl. 9:00

(Framkvæmdastjóri,

deildarstjóri sýningadeildar, sviðsstjóri, tæknistjóri, markaðsstjóri, deildarstjórar tækni-, leikmuna, leikgera og búningadeilda).

Framkvæmdafundur, reglulega á undirbúnings- og æfingatíma sýninga.

(Sýningarstjóri, listrænar aðstandendur og deildarstjórar/ábyrgðamenn deilda, markaðsstjóri).

Leikarafundur, reglulegir samráðsfundir.

(Leikhússtjóri, leiklistarráðunautur og sviðslistamenn).

Starfsmannafundur, að jafnaði einu sinni í mánuði.

(Allir starfsmenn).

Endurmatsfundir, eftir hverja frumsýningu. (Listrænar stjórnendur, fulltrúi leikara

og ábyrgðamenn deilda, auk leiklistarráðunauts, framkvæmdastjóra og leikhússtjóra.)

Starfsmannaviðtöl eru boðuð reglulega og að minnsta kosti einu sinni á ári.





Ari - leikhússtjóri



Melkorka - dramaturg



Símon - dramaturg



Tómas - skrifstofustjóri



Sigurlaug - markaðsstjóri



Þórhallur - fræðslustjóri



Rúna - bókhald



Heiða - fjármál



Guðný - laun



Kristín - sýningarstjóri



María Dís - sýningarstjóri



Hákon - tæknistjóri



Ása - umsjónarmaður



Askolds - eldhús



Ina - eldhús



Lígita - ræsting



Helga - ræsting



Viðar - sviðsstjóri



Jón Stefán - svið



Axel - svið



Hallur - svið



Mick - svið



Stella - svið



Guðmundur - minni svið



Hákon - hljóð



Dóri - hljóð



Kristinn Gauti - hljóð



Kristján - hljóð



Elvar - hljóð



Halli - ljós



Lalli - ljós



Óli Á. - ljós



Maggi - ljós



Ásta - props



Högni - props



Trygve - props



Berglind - saumastofu



Ásdís - saumastofu



Hjördís - saumastofu



Leila - saumastofu



Helga - saumastofu



Ingveldur - dresser



Silfá - smink



Erla - hár



Þóra - hár



Inga - smink



Dísá - smink



Dóra - miðasölustjóri



Þuríður - miðasölu



Ragnheiður - miðasölu